

Mánudaginn 23. júní 1975.

Nr. 26/1975. Kyndill h/f

(Áki Jakobsson hrl.)

gegn

Flugmó h/f og gagnsök

(Kristján Eiríksson hrl.).

Dómenndur:

**hæstaréttardómararnir Magnús P. Torfason, Ármann Snævarr
Björn Sveinbjörnsson, Einar Arnalds og Logi Einarsson.**

Vixilmál.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 24. febrúar 1975. Krefst hann sýknu af öllum kröfum gagnáfrýjanda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 12. mars 1975. Krefst hann staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Rétt er, að aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda 75.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Aðaláfrýjandi, Kyndill h/f, greiði gagnáfrýjanda, Flugmó h/f, 75.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Keflavíkur 9. janúar 1975.

Mál þetta, sem þingfest var 20. nóvember 1974 og dómtekið 7. janúar sl., hefur Magnús Fr. Arnason hæstaréttarlögmaður, Austurstræti 5, Reykjavík, f. h. Flugmó h/f, Reykjavík, höfðað fyrir dóminum með stefnu, birtri 13. nóvember sl., gegn versluninni Kyndli h/f, Hafnargötu 21, Keflavík, til greiðslu víxilskuldar að fjárhæð kr. 545.842 með 1.5% mánaðarvöxtum af kr. 272.842 frá

28. febrúar 1974 til 14. mars 1974 af kr. 545.842 frá þeim degi til 15. júlí 1974, en með 2% mánaðarvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, kr. 420 í afsagnarkostnað og málskostnaðar að mati réttarins.

Stefndi sótti þing við þingfestingu máls þessa 20. nóvember 1974 og skilaði síðan greinargerð í málinu 4. desember sl. Stefndi gerir þær kröfur í greinargerð sinni, að hann verði algerlega sýknaður af öllum kröfum stefnanda í máli þessu og honum verði tildæmdur málskostnaður úr hendi hans að mati réttarins. Stefndi kveður víxla þá, sem stefnt sé fyrir í máli þessu, vera greidda og hafi stefnandi átt að vera búinn að afhenda honum víxla þessa. Hann segir, að dómsskjal nr. 5, en það er kvittun Péturs Filippussonar, dags. 19. mars 1974, hljóði svo: „Í dag hefur undirritaður mótttekið víxla fyrir kr. 1.546.296.00 til greiðslu upp í víxla pr. 31. 3. kr. 460.000.00, pr. 14. 3. kr. 273.000.00, pr. 28. 2. kr. 272.842.00, samtals kr. 1.005.842.00, samþykkt af Kyndli h.f. kr. (sic) og samþykkt tvo víxla samtals að upphæð kr. 540.455.00 fyrir mismuninum. Rv. 19. mars 1974, Pétur Filippusson“. Stefndi kveður sig þegar hafa afhent stefnanda víxil pr. 31. mars að fjárhæð kr. 460.000 og verði hann lagður fram í máli þessu til sönnunar. Auk þess hafi stefnandi greitt víxlana tvo, samtals að upphæð kr. 540.455, en þá hafi hann greitt í Samvinnubanka Íslands, Keflavík, útibúi. Stefndi kvað stefnanda ekki hafa getað skilað strax þeim tveim víxlum, sem stefnt sé fyrir í máli þessu, þar eð þeir hafi verið í Búnaðarbankanum í Reykjavík, en stefnandi hafi sagst mundu skila þeim, er hann væri búinn að selja víxla þá, sem stefndi hafi afhent honum 19. mars 1974, en þá mundi hann borga þá og senda stefnda. Það gerði hann hins vegar ekki og sé nú stefnt fyrir þeim í þessu máli, en þeir hafi báðir verið nefndir í móttökukvittuninni pr. 14. mars, kr. 273.000, og pr. 28. febrúar, kr. 272.842. Stefndi segir í greinargerð sinni, að hann hafi sent lögmanni stefnanda bréf, þar sem hann hafi tjáð lögmanninum, að hann mundi fjalla um mál þetta á öðrum grundvelli, og sé þar að sjálfsögðu átt við það, að hann muni kæra misferli þetta fyrir sakadómi. Það hafi hann hins vegar ekki gert, en trúir því ekki að óreyndu, að stefnandi og lögmaður hans felli ekki mál þetta niður og afhendi honum víxla þá, sem stefnt er fyrir í máli þessu sem greidda, þar sem skrifleg sönnunargögn liggi fyrir því, að víxlar þessir séu greiddir.

Hinn 10. desember fór fram aðiljayfirheyrsla í máli þessu fyrir bæjarþingi Keflavíkur. Kom þá fyrir réttinn framkvæmdastjóri

stefnanda, Pétur Filippusson, Selási 3, Reykjavík. Honum var sýnt dskj. nr. 6 (kvittun undirrituð Pétur Filippusson) og kvaðst ekki hafa undirritað þessa yfirlýsingu, en aftur á móti sé hans skrift á nafnrituninni á kvittuninni, en telur helst þá skýringu að finna á nafnritun sinni á þessu blaði, að hann hafi verið að rita nafn sitt í einhverju fiktí, þegar hann var að tala í síma, og hefði blaðið þá verið autt. Hann kvaðst yfirleitt ekki rita nafn sitt þannig, er hann undirritaði eitthvað, hann vandaði sig yfirleitt ekki þá eins mikið og komi þarna fram. Hann kvaðst ekkert hafa fengið greitt upp í þá víxla, sem stefnt væri útaf í máli þessu. Hann sagði, að dskj. nr. 8 (greiddur víxill) væri algerlega óviðkomandi þeim víxlum, sem stefnt er fyrir í þessu máli. Hann sagði aðspurður, að þeir tveir víxlar, sem nefndir væru síðast á dskj. nr. 6 að fjárhæð kr. 540.455 hefðu verið samþykktir og útgefnir af honum og seldir Samvinnubankanum í Keflavík og síðan hafi hann greitt þá á gjalddaga þeirra. Hann kvaðst aðspurður hafa tekið við ávísun vegna framangreindra víxla frá Samvinnubankanum í Keflavík.

Þá kom einnig fyrir réttinn sama dag framkvæmdastjóri stefnda, Jósafat Arngrímsson, Holtsgötu 37, Ytri-Njarðvík. Hann kvaðst hafa ritað dskj. nr. 6 á verkstæði Flugmó h/f, Selási 3, Reykjavík, þann 19. mars 1974. Hann kvað Pétur hafa síðan undirritað yfirlýsinguna, um leið og þau viðskipti hefðu gerst, er yfirlýsingin greindi frá. Hann sagðist hafa mótttekið víxla að fjárhæð kr. 540.455 og hann hefði síðan afhent þá Guðbjarti Pálssyni, sem hefði selt þá í Samvinnubanka Íslands h/f í Keflavík og látið Örn Clausen fá andvirðið. Hann sagði, að víxlar þeir, sem hann afhenti Pétri greint sinn, hefðu verið samþykktir af ýmsum aðiljum, og kvaðst muna eftir víxlum á verslunina Casanova, sem hann kveðst vita til, að Pétur hefði síðan fengið greidda. Hann sagði, að Pétur hefði ætlað að selja þá víxla, sem hann hefði afhent, en nota andvirðið til að innleysa þá þrjá víxla að fjárhæð kr. 1.005.842, sem Búnaðarbankinn hefði á Kyndil h/f. Hann kvað enga skrá hafa verið gerða yfir þá víxla, sem hann hefði afhent Pétri greint sinn.

Pétur Filippusson kom að nýju fyrir réttinn og sagðist hafa fengið einn víxil á Casanova að fjárhæð kr. 260.000 afhentan sem greiðslu frá Jósafat Arngrímssyni, en hann hefði verið til greiðslu á öðru en þeim víxlum, sem hér væri stefnt fyrir. Aðra víxla kvaðst hann ekki hafa fengið frá Jósafat Arngrímssyni. Hann ítrekaði, að hann hefði enga greiðslu fengið frá stefnda upp í

víxla þá, er hér væri stefnt fyrir. Ekki þykir ástæða til að rekja frekar framburði aðilja í réttarhaldi þessu.

7. janúar sl. var þingað í máli þessu. Var það þinghald boðað með símskeyti til lögmanna aðilja. Í þinghald þetta var ekki mætt af hálfu stefnda í málinu, og krafðist stefnandi þá þess, að málið yrði dómtekið. Þar sem þingsókn féll niður af hálfu stefnda í máli þessu, verður að dæma mál þetta eftir þeim gögnum og skilríkjum, sem stefnandi hefur lagt fram í málinu, og með tilliti til þess, sem fram hefur komið af hálfu stefnda, sbr. 118. gr. laga nr. 85/1936. Þær varnir, sem stefndi hefur haft uppi um efni máls í máli þessu, eru ekki ein þeirra varna, sem hafa má uppi um efni máls í víxilmálum, sbr. 208. gr. laga nr. 85/1936. Dómurinn lítur svo á, að dskj. nr. 6, þ. e. a. s. kvittun undirrituð „Pétur Filippusson“, geti ekki komið til álita í þessu máli, þar sem hér er um víxilmál að ræða. Eins og áður segir, verður að dæma mál þetta eftir framkomnum gögnum og skilríkjum stefnanda, og þar sem ekkert hefur komið fram af hálfu stefnda í máli þessu, er hnekki kröfum hans, og stefnandi hefur lagt fram frumrit víxlanna svo og afsagnargerð, verða kröfur hans teknar til greina að öllu leyti, enda engir þeir gallar á málatalbúnaði, er frávísun varða.

Málskostnaður tildæmist kr. 75.000.

Jón Eysteinnsson héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Kyndill h/f, greiði stefnanda, Flugmó h/f, kr. 545.842 með 1.5% dráttarvöxtum á mánuði og fyrir brot úr mánuði af kr. 272.842 frá 28. febrúar 1974 til 14. mars 1974, af kr. 545.842 frá þeim degi til 15. júlí 1974, en 2% dráttarvöxtum á mánuði og fyrir brot úr mánuði frá þeim degi til greiðsludags, kr. 420 í afsagnarkostnað og kr. 75.000 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.